

# Prófanefnd tónlistarskóla

Laugarásvegi 29a • 104 Reykjavík • Kt. 570903-3730


www.profanefnd.is • profanefnd@profanefnd.is

## Um áfangapróf vorið 2004

Vorið 2004 þreyttu 395 nemendur úr 35 tónlistarskólum grunn- eða miðpróf í hljóðfæraleik eða einsöng.


Grunnpróf þreyttu 315 nemendur, 243 luku prófinu að fullu, 69 höfðu ekki nægilega tónfræðakunnáttu miðað við námskrá og þrír nemendur stóðust ekki próf.

Miðpróf í hljóðfæraleik eða einsöng þreyttu 80 nemendur, 54 luku prófinu að fullu, 24 hafa ekki lokið tónfræðahlutanum og tveir stóðust ekki próf.




## Hljóðfæraflokkar

Próftakar á grunnprófi skiptust þannig á milli hljóðfæraflokka:




Nemendur sem þreyttu miðpróf skiptust á milli hljóðfæraflokka á eftirfarandi hátt:



## Kynjaskipting


Vorið 2004 var kynjaskipting próftaka á grunn- og miðprófum eftirfarandi:



## Prófnistöður

Meðaleinkunn á grunnprófi var 7,95, lægsta einkunn var 5,7 og hæsta einkunn 9,6. Á miðprófi var meðaleinkunn 7,91, lægsta einkunn var 5,0 og hæsta einkunn 9,6.


Þegar frammistaða nemenda í einstökum prófliðum er athuguð kemur eftirfarandi í ljós:




## Valpáttur

Við úrvinnslu á niðurstöðum áfangaprófa vorið 2004 var valpáttur prófanna athugaður sérstaklega og viðfangsefnin flokkuð miðað við eðli þeirra. Þegar sú skipting er skoðuð ber þó að hafa í huga að viðfangsefni falla oft illa í tiltekinn flokk og oft er það matsatriði hvernig viðfangsefnineru flokkuð.

Á grunnprófi velja nemendur á milli þess að (a) spinna einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks, (b) leika frumsamið verk eða eigin útsetningu, (c) hljómsetja stutta laglínu óundirbúið eða (d) leika lag sem þeir hafa lært eftir eyra. Söngnemendum gefst auk þess kostur á því að flytja lag í öðrum tónlistarstíl en fyrir kemur í námskránni. Enginn nemandi valdi að hljómsetja óundirbúið en að öðru leyti skiptust verkefnið sem hér segir:



Á miðprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni, (b) spinna spinna einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks, (c) flytja frumsamið verk eða eigin útsetningu eða (d) hljómsetja stutta laglínu óundirbúið. Enginn próftaki valdi að hljómsetja óundirbúið en viðfangsefnið skiptust sem hér segir:



## Prófdómarar

63% prófa voru metin af sérfræðingum á viðkomandi hljóðfæri eða í viðkomandi hljóðfæraflokki en 36% prófa metin af prófdómurum sem leika á hljóðfæri í öðrum hljóðfæraflokkum.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á því hvort prófdómari dæmdi próf innan eigin hljóðfæraflokks eða ekki.

*September 2004.*